



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
MI.	10.90.0
Abm.	10.90
Innk.	4. OKT. 2011
IRR	10080312

Reykjavík 4. október 2011

Tilvísun: 2011060041

02.00

Innanríkisráðuneytið
Hr. Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra
Sölvhólsgötu 7
150 REYKJAVÍK

Hjálagt sendast háttvirtum innanríkisráðherra athugasemdir ríkislöggreglustjóra við ábendingu Ríkisendurskoðunar frá 27. september sl.

Haraldur Johannessen / Guðmundur Guðjónsson



Athugasemdir
ríkislögreglustjóra
við ábendingu
Ríkisendurskoðunar



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Efnisyfirlit

Niðurstöður.....	2
Ábending Ríkisendurskoðunar.....	2
Ríkislöggreglustjóri	2
Löggreglusköli ríkisins	3
Aðrar löggæslustofnanir	3
Fangelsimálastofnun.....	3
Innanríkisráðuneytið.....	3
Svör ríkislöggreglustjóra við ábendingu Ríkisendurskoðunar gagnvart embætti ríkislöggreglustjóra.....	4
Viðskipti við Landstjörnuna ehf.	4
Viðskipti við Trademark ehf.	6
Undanþáguákvæði í lögum um opinber innkaup	9
Aðkallandi neyðarástand	10
Lokaorð	13

Niðurstöður

Að undanförnu hefur ábending Ríkisendurskoðunar frá 27. september 2011 um innkaup löggæslustofnana verið til umfjöllunar í fjölmálium. Sveinn Arason ríkisendurskoðandi hefur fylgt þeim eftir með yfirlýsingum í fréttaviðtölum. Í yfirlýsingum sínum lýsti ríkisendurskoðandi því yfir að ríkislöggreglustjóri hefði brotið lög.

Ríkislöggreglustjóri vekur athygli innanríkisráðherra á þeirri spurningu hvort ríkisendurskoðandi hafi farið út fyrir hlutverk sitt með yfirlýsingum í fjölmálium.

Ríkislöggreglustjóri hefur með athugasemdum frá embættinu og í fréttaviðtölum mótmælt yfirlýsingum ríkisendurskoðanda um að ríkislöggreglustjóri hafi brotið lög og gert alvarlegar athugasemdir við ábendingu Ríkisendurskoðunar um innkaup embættis ríkislöggreglustjóra á búnaði fyrir löggregluna. Í umfjöllun fjölmála voru innkaup 13 löggæslustofnana og að auki fangelsismálastofnunar að upphæð 91,3 m.kr. á tímabilinu 2008 til 2011 aðallega heimfærð á ríkislöggreglustjóra og mátti skilja yfirlýsingar ríkisendurskoðanda á þann veg. Hinsvegar er staðreynd málsins sú að Ríkisendurskoðun gerir tvær athugasemdir við innkaup ríkislöggreglustjóra.

Eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir er það mat ríkislöggreglustjóra að Ríkisendurskoðun hafi í ábendingu sinni frá 27. september 2011 byggt á reglugerð nr. 933/2010 sem hvorki hafði lagagildi að íslenskum rétti eða þjóðarrétti á þeim tíma sem ábending Ríkisendurskoðunar lýtur að.

Auk framangreinds skal bent á að skýr undanþáguákvæði eru í lögum um opinber innkaup sem heimila ríkislöggreglustjóra þau kaup sem Ríkisendurskoðun telur ólögmæt.

Hér á eftir fer umfjöllun ríkislöggreglustjóra um ábendingu Ríkisendurskoðunar frá 27. september 2011.

Ábending Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun gaf út þann 27. september 2011 á vefsþáði sínu ábendingu vegna viðskipta 13 löggæslustofnana og að auki fangelsismálastofnunar. Í ábendingunni kemur fram að á tímabilinu janúar 2008 til apríl 2011 keyptu stofnanirnar vörur af fjórum fyrirtækjum í eigu löggreglumanna eða náinna venslamanna þeirra fyrir samtals 91,3 milljón króna. Að mati Ríkisendurskoðunar fór hluti þessara viðskipta í bága við ákvæði laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Ábending og athugasemdir Ríkisendurskoðunar beinast að ríkislöggreglustjóra, Löggregluskóla ríkisins, öðrum löggæslustofnunum, fangelsismálastofnun og innanríkisráðuneytinu.

Ríkislöggreglustjóri

Ábending Ríkisendurskoðunar gagnvart ríkislöggreglustjóra varða tvö ólík atriði:

Í fyrsta lagi að ríkislöggreglustjóra hafi borið að leita tilboða sbr. 22. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007, þar sem innkaupafjárhæð sé innan viðmiðunarmarka útboðsskyldu. Um er að ræða innkaup af Landstjörnunni ehf. sem samanlagt nema 7,2 m.kr. á tímabilinu 2008 til 2011.

Í öðru lagi telur Ríkisendurskoðun að innkaup af Trademark ehf. í desember 2009 að fjárhæð 12,6 m.kr. hafi verið útboðsskyld, sbr. 20. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 og að fjárhæð

viðskiptanna hafi verið umfram 6,2 m.kr. viðmiðunarfjárhæð útboðsskyldu. Um niðurstöðu sína vísar Ríkisendurskoðun í flokkunarkerfi Evrópusambandsins (CPV) og segir orðrétt í ábendingu sinni:

„Samkvæmt flokkunarkerfi Evrópusambandsins (CPV) falla hinsvegar allar umræddar vörur undir flokkinn 35200000-6 *Police Equipment* og teljast því ein og sama vara. Í samræmi við þetta telur Ríkisendurskoðun augljóst að RLS bar að bjóða kaupin út.“

Lögregluskóli ríkisins

Ábending Ríkisendurskoðunar gagnvart Lögregluskóla ríkisins varðar innkaup skólans á búnaði fyrir óeirðalöggreglu af fyrirtækinu Trademark ehf. fyrir samtals 12,7 m.kr. í desember 2010. Að mati Ríkisendurskoðunar voru innkaupin útboðsskyld, sbr. 20. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007, en fjárhæð viðskiptanna var umfram 6,2 m.kr. viðmiðunarfjárhæð laganna.

Ríkislöggreglustjóri mun ekki fjalla um ábendingu Ríkisendurskoðunar gagnvart Lögregluskóla ríkisins varðandi framangreind innkaup, enda eru þau á ábyrgð skólastjórans en ekki ríkislöggreglustjóra.

Aðrar löggæslustofnanir

Ábending Ríkisendurskoðunar gagnvart öðrum löggæslustofnunum varðar samanlögð 7 m.kr. innkaup þeirra á kylfum á tímabilinu 2008 til 2011. Það er mat Ríkisendurskoðunar með hliðsjón af umsjónarhlutverki ríkislöggreglustjóra að embættið hefði átt að annast útboð á vörunum í samstarfi við Ríkiskaup.

Ríkislöggreglustjóri bendir á að misræmi er á milli c. liðar 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, 49. gr. fjárréiðulaga nr. 88/1997 og starfsmannalaga nr. 70/1996 um fjárhagslega ábyrgð og skuldbindingar forstöðumanna löggæslustofnana. Löggreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins bera lögum samkvæmt stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð í þessum eftir. Ríkislöggreglustjóri hefur ekki boðvald yfir löggreglustjórum hvað þetta varðar. Ríkisendurskoðun benti á þetta atriði í stjórnsýsluúttekt sinni á embætti ríkislöggreglustjóra frá árinu 2006 (bls. 53-54), þar sem lagt var til að fjármál löggreglunnar færðust undir ríkislöggreglustjóra. Ráðherra hefur ekki fallist á það.

Ríkislöggreglustjóri bendir enn fremur á, að innanríkisráðuneytið verður að setja skýrar reglur um hlutverk ríkislöggreglustjóra hvað þetta efni varðar með setningu reglugerðar og/eða breytingum á löggæglögum.

Það er því lagamisskilningur hjá Ríkisendurskoðun að ríkislöggreglustjóri hafi ekki sinnt umsjónarhlutverki sínu samkvæmt c. lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Fangelsimálastofnun

Í ábendingu sinni færir Ríkisendurskoðun innkaup fangelsismálastofnunar með innkaupum löggæslustofnana. Það er ekki rétt heimfærsla því fangelsismálastofnun er ekki löggæslustofnun.

Innanríkisráðuneytið

Ríkisendurskoðun beinir eftifarandi ábendingu til innanríkisráðuneytisins:

Í fyrsta lagi: Innanríkisráðuneytið þarf að tryggja að löggæslustofnanir hafi sameiginlegan skilning á umsjónarhlutverki ríkislöggreglustjóra og að því sé sinnt.

Í öðru lagi: Innanríkisráðuneytið þarf að segja til um hvort það samrýmist störfum löggreglumanna að eiga og/eða starfa hjá fyrirtækjum sem löggæslustofnanir eiga í viðskiptum við.

Svör ríkislöggreglustjóra við ábendingu Ríkisendurskoðunar gagnvart embætti ríkislöggreglustjóra

Ríkislöggreglustjóri kaupir vörur og þjónustu fyrir embættið og vegna verkefna löggreglu eftir því sem embættinu hefur verið falið af stjórnvöldum. Innkaup embættisins á hverju ári nema hundruðum milljóna króna. Ríkislöggreglustjóri hefur boðið út innkaup embættisins bæði með beinum hætti og með þátttöku í rammasamningsútboðum Ríkiskaupa í samræmi við lög nr. 84/2007.

Umfjöllun Ríkisendurskoðunar lýtur að sértækum löggreglubúnaði en íslenskur markaður er smár og þegar kemur að ýmsum sérhæfðum vörum í sérhæfðum atvinnugreinum er markaðurinn mjög smár. Fyrirtæki sem eru umboðsaðilar á Íslandi fyrir búnað til löggreglu eiga það flest sameiginlegt að tengast starfandi eða fyrrverandi löggreglumönnum með beinum eða óbeinum hætti. Hugsanleg skýring er sú að það séu helst löggreglumenn sem hafi áhuga og þekkingu á búnaði til löggæslustarfa.

Ríkislöggreglustjóri hefur bent á að viðskipti löggæslustofnana við fyrirtæki sem tengjast löggreglumönnum með beinum eða óbeinum hætti eru heimil að lögum, en óheppileg sökum þess að þau geta kallað á gagnrýni, þótt óréttmæt sé, og sáð efasemendum og tortryggni í huga almennings í garð löggreglu, eins og gerðist við útgáfu ábendingar Ríkisendurskoðunar og yfirlýsinga ríkisendurskoðanda í fjölmöðlum í kjölfarið.

Ríkislöggreglustjóri tekur undir þá ábendingu Ríkisendurskoðunar til innanríkisráðuneytisins að ráðuneytið þurfi að segja til um hvort það samrýmist störfum löggreglumanna að eiga og/eða starfa hjá fyrirtækjum sem löggæslustofnanir eiga í viðskiptum við.

Viðskipti við Landstjörnuna ehf.

Ábending Ríkisendurskoðunar gagnvart ríkislöggreglustjóra lýtur að því að embættinu hafi borið að gera verðsamanburð sbr. 22. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 vegna innkaupa embættisins af Landstjörnunni ehf. Um er að ræða innkaup sem samtals nema 7,2 m.kr. á tímabilinu 2008 til 2011.

Samkvæmt viðskiptayfirliti í töflu 1. er megin hluti 7,2 m.kr. viðskipta tilkominn vegna innkaupa á lögreglukylfum eða sem svarar 4,7 m.kr. á tímabilinu.

Tafla 1. Viðskiptayfirlit Landstjarnan ehf.

Innkaup pr ár	Ár	2008	2009	2010	2011	Samtals
Vöruflokkur						
Fangabelti				56.520 kr.		56.520 kr.
Hulstur fyrir handjárn í tækjabelti				85.800 kr.	85.800 kr.	
Hulstur fyrir Hannska í tækjabelti				68.000 kr.	68.000 kr.	
Hulstur fyrir piparúða í tækjabelti				89.400 kr.	89.400 kr.	
Hulstur fyrir vasaljós í tækjabelti				157.200 kr.	157.200 kr.	
Kafarataska fyrir köfunarhóp sérsveitar			37.709 kr.		37.709 kr.	
Lögreglubensli		207.915 kr.			207.915 kr.	
Lögreglukylfur	1.647.852 kr.	3.068.482 kr.			4.716.334 kr.	
Málmleitartæki			78.405 kr.		78.405 kr.	
Óeirðaskjöldur			1.052.160 kr.		1.052.160 kr.	
Tækja og búnaðartöskur fyrir lögreglumenn	178.588 kr.		46.628 kr.		225.216 kr.	
Tækjabelti				251.100 kr.	251.100 kr.	
Æfingaskotmörk			25.190 kr.		25.190 kr.	
Handjárnalyklar			12.914 kr.		12.914 kr.	
Rofbúnaður			88.483 kr.	10.341 kr.	98.824 kr.	
Samtals	1.826.440 kr.	3.276.397 kr.	1.398.009 kr.	661.841 kr.	7.162.686 kr.	

Samkvæmt c. lið 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998 er innflutningur á kylfum bannaður. Heimilt er að víkja frá banni með sérstöku leyfi ríkislöggreglustjóra ef vopn hefur söfnunargildi eða sérstakar ástæður mæla með.

Ríkislöggreglustjóri heimilaði lögreglu með umburðarbréfi dags. 19. febrúar 2007 að nota Monadnock 22" kylfu. Einnig var heimiluð notkun á eldri kylfum sem áður voru í notkun hjá lögreglu. Aðrar kylfur í þessum lengdarflokkni eru óheimilar til notkunar hjá lögreglu. Ekki er því um samkeppnismarkað að ræða þar sem einungis er heimilt að kaupa eina gerð af kylfum. Af framansögðu var ekki hægt að leita verðtilboða frá fleiri aðilum þar sem aðrir höfðu ekki heimild ríkislöggreglustjóra til innflutnings á kylfum fyrir lögreglu.

Samkvæmt 33. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 er heimilt að víkja frá meginreglu um almennt eða lokað útboð sbr. 30. gr. tilvitnaðra laga. Í 30. gr. laganna segir að samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar séu heimil í eftirfarandi tilvikum án tillits til þess hvort um er að ræða innkaup á verki, vöru eða þjónustu.

Samkvæmt b. lið 33. gr. er heimilt að víkja frá útboðsskyldu þegar aðeins eitt fyrirtæki kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt er að ræða.

Það er mat ríkislöggreglustjóra að einungis var um einn aðila að ræða sem hafði heimild ríkislöggreglustjóra til innflutnings á tiltekinni gerð af kylfum og því séu tæknilegar ástæður fyrir því að ekki hafi verið unnt að leita tilboða frá fleiri aðilum.

Á árinu 2010 voru keyptir 40 óeirðaskildir. Þar sem þeir skildir, sem notaðir eru hjá lögreglu voru ófáanlegir voru nokkrar aðrar gerðir teknar til þróunar og bornar saman við þá skildi sem notaðir hafa verið og eru í notkun. Að því mati loknu var ákveðið að velja ESP óeirðaskildi frá Landstjörnunni ehf. til notkunar. Byggir val einkum á því að hæð og breidd skjaldanna er áþekk eldri gerðum auk þess

sem þeir voru léttari en aðrar gerðir. Þar sem einingaverð ólíkra skjálfa frá ólíkum birgjum var áþekkt var verð ekki meginatriði ákvörðunar heldur lögur og þyngd.

Hvað varðar önnur innkaup þá eru þau tilfallandi á ýmsum sérvörum og um óverulegar upphæðir er að ræða.

Auk framangreinds skal bent á að fyrrgreindar vörur falla í ólíka vöruflokkum.

Viðskipti við Trademark ehf.

Samkvæmt ábendingu Ríkisendurskoðunar voru innkaupin útboðsskyld, sbr. 20. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007. Fjárhæð viðskiptanna var 12,6 m.kr. sem er umfram 6,2 m.kr. viðmiðunarfjárhæð laganna. Samkvæmt flokkunarkerfi Evrópusambandsins (CPV) falli allar umræddar vörur undir flokkinn 35200000-6 Police Equipment og teljist því ein og sama vara að mati Ríkisendurskoðunar.

Ríkislögreglustjóri hafnar þessari niðurstöðu Ríkisendurskoðunar.

Í töflu tvö er viðskiptayfirlit vegna viðskipta ríkislögreglustjóra við Trademark ehf. á árinu 2009.

Tafla 2. Viðskiptayfirlit Trademark ehf.

Dags. reiknings	Upphæð reiknings	Vara
8.12.2009	4.860.460	Brynjur.
16.12.2009	4.021.636	Hjálmar og gler í hjálma (varahlutir).
28.12.2009	3.755.926	Eldtefjandi samfestingar, uppháir hanskar og búnaðartöskur. Annar varningur var samtals um kr. 300.000.
SAMTALS	12.638.022	

Með reikningi dags. 8.12.2009 kaupir ríkislögreglustjóri brynjur, með reikningi dags. 16.12.2009 eru keyptir hjálmar og samkvæmt reikningi dags. 28.12.2009 er meginfjárhæð innkaupa tilkomin vegna kaupa á samfestingum fyrir lögreglu. Allar þessar vörur voru pantaaðar um mánaðarmótin október/nóvember 2009.

Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að kaup ríkislögreglustjóra á búnaði af fyrirtækinu Trademark ehf. fyrir samtals 12,6 m.kr. séu ein innkaup. Ríkislögreglustjóri hefur hafnað þessu og bent á að um þrennskonar aðskilin innkaup séu að ræða, öll undir viðmiðunarmörkum útboðsskyldu. Rétt er að taka fram að leitað var tilboða hjá fleiri en einum aðila í samræmi við 22. gr. laga um opinber innkaup. Ríkisendurskoðun fjallar hins vegar ekki um þá staðreynd í ábendingu sinni.

Þann 30. september 2011 sendi ríkislögreglustjóri Sveini Arasyni ríkisendurskoðanda eftirfarandi tölvupóst:

„From: Guðmundur Guðjónsson [<mailto:gudmundurg@rls.is>]
Sent: 30. september 2011 16:48
To: sveinn@rikisend.is
Subject: Fyrirspurn

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.

Við hjá ríkislögreglustjóra erum að beiðni innanríkisráðherra að taka saman greinargerð vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar frá 27. þ. m. um innkaup löggæslustofnana.

Í ábendingu ykkar segir svo í umfjöllun í kaflanum **Ríkislögreglustjóri** um viðskipti við Trademark ehf:

„Samkvæmt flokkunarkerfi Evrópusambandsins (CPV) falla hins vegar allar umræddar vörur undir flokkinn 35200000-6 Police Equipment og teljast því ein og sama vara. Í samræmi við þetta telur Ríkisendurskoðun augljóst að RLS bar að bjóða kaupin út.“

Þess er óskað að fá frá þér sem fyrst þau gögn sem ríkisendurskoðun vísar hér til.

Bestu kveðjur
Guðmundur Guðjónsson“

Ríkisendurskoðun svaraði í tölvupósti sama dag með eftirfarandi hætti:

„From: Pétur Vilhjálmsson [<mailto:petur@rikisend.is>]
Sent: 30. september 2011 17:07
To: Guðmundur Guðjónsson
Subject: FW: Fyrirspurn

Sæll,
Meðfylgjandi er minnisblað Ríkiskaupa til Ríkisendurskoðunar vegna umræddra viðskipta. Jafnframt er vísað á reglur Evrópuráðsins nr. 213/2008: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2008:074:0001:0375:EN:PDF>.
Bestu kveðjur,
Pétur“

Evrópureglur þær sem fylgdu tölvupóstinum frá Ríkisendurskoðun er ensk útgáfa reglnanna og því óskaði ríkislöggreglustjóri sama dag eftir því við Ríkisendurskoðun að fá íslenska útgáfu reglnanna og staðfestingu á innleiðingu þeirra í íslenskan rétt. Neðangreint er svar Ríkisendurskoðunar við fyrirspurn ríkislöggreglustjóra:

„**From:** Pétur Vilhjálmsson [mailto:petur@rikisend.is]
Sent: 30. september 2011 17:49
To: Guðmundur Guðjónsson
Subject: RE: Fyrirspurn

Sæll aftur,

Hér er vísun á staðfestinguna: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=c16e8b00-206f-4458-8841-193ab73518b0>

og íslenska þýðingin: <http://www.efta.int/~media/Documents/eea-supplements/icelandic/2010-is/64-is-part2.pdf>.

Bestu kveðjur,
Pétur“

Hér vísar Ríkisendurskoðun til reglugerðar nr. 933/2010 frá 18. nóvember 2010, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 3. desember 2010 og undirrituð er af Þórhalli Arasyni og Haraldi Steinþórssyni fyrir hönd fjármálaráðherra.

Ríkisendurskoðun byggir niðurstöðu sína um útboðsskyldu ríkislöggreglustjóra á reglugerð nr. 933/2010 og telur ríkislöggreglustjóra hafa brotið lög um opinber innkaup nr. 84/2007 á grundvelli þess.

Ríkislöggreglustjóri telur með ólíkindum að Ríkisendurskoðun byggi ábendingu sína og fullyrðingar um lögbrot á reglugerð sem ekki tók gildi fyrr en ári eftir að viðskipti embættisins við Trademark ehf. áttu sér stað.

Jafnvel þótt reglugerð nr. 933/2010 hefði verið í gildi þegar viðskiptin áttu sér stað í desember 2009 þá byggir Ríkisendurskoðun niðurstöðu sína auk þess á röngum flokki. Ríkisendurskoðun segir í ábendingu sinni frá 27. september 2011 að samkvæmt flokkunarkerfi Evrópusambandsins falli allar umræddar vörur samkvæmt fyrrnefndum þremur reikningum undir flokkinn 35200000-6 Police Equipment og teljast því ein og sama varan. Í samræmi við þetta taldi Ríkisendurskoðun „augljóst að RLS bar að bjóða kaupin út.“

Í minnisblaði Ríkiskaupa dags. 15. september 2011 til Ríkisendurskoðunar sem fyrr hefur verið vikið að er getið um aðra númeraseríu (CPV skilgreiningu undir flokk nr. 35000000 og undirflokk 35100000) en Ríkisendurskoðun fjallar um. Í minnisblaðinu er vísað til „Police Equipment ofl.“ Ríkisendurskoðun sleppir að geta þess að um fleiri flokka var að ræða en Police Equipment, samanber minnisblað Ríkiskaupa, og byggði því fyrrnefnda niðurstöðu sína einnig á röngum upplýsingum. Þannig fór Ríkisendurskoðun á svig við upplýsingar sem stofnunin þó sjálf aflaði frá Ríkiskaupum.

Ríkislöggreglustjóri óskaði eftir því við Ríkisendurskoðun með tölvupósti 2. október 2011 að fá afhenta fyrirspurn Ríkisendurskoðunar frá 13. september 2011 til Ríkiskaupa, sem svaraði með framangreindu minnisblaði tveimur dögum síðar. Athygli vekur að í fyrirspurn Ríkisendurskoðunar til Ríkiskaupa eru

send drög að ábendingu Ríkisendurskoðunar ásamt því að fyrirspurn Ríkisendurskoðunar felur í sér fyrirframgefna niðurstöðu. Ríkislöggreglustjóri telur því rétt að birta hér þennan tölvupóst:

„Sælir félagar,

Meðfylgjandi drög að ábendingum vegna innkaupa löggæslustofnana eru í vinnslu hjá okkur. Ríkislöggreglustjóri hefur gert athugasemdir við drögin og okkur datt í hug að leita álits ykkar á einu atriði.

Í stuttu máli keypti RLS fatnað og annan búnað fyrir óeirðalöggreglu í desember 2009 af fyrirtækinu Trademark ehf. Seljandi skrifaði út þrjá reikninga vegna þessa.

*Reikningur 1 – 4,9 m.kr. – 8.12.09
28 brynjur fyrir óeirðahópa*

*Reikningur 2 – 4,0 m.kr. – 16.12.09
30 hjálmar fyrir óeirðahópa
50 gler í hjálma fyrir óeirðahópa*

*Reikningur 3 – 3,8 m.kr. – 28.12.09
30 eldtefjandi samfestingar fyrir óeirðahópa
4 brynjur fyrir óeirðahópa
30 búnaðartöskur fyrir óeirðahópa
30 pör af uppháum óeirðahönskum*

Eins og þið sjáið af drögunum skilgreindum við þessi kaup sem sömu kaupin bó þrír reikningar hafi verið skrifaðir út. RLS mótmælir þessu. Þeir segja kaupin óskyld þar sem Trademark ehf. skaffaði vörur frá þremur ólikum birgjum og skrifaði því út þrjá reikninga. Ekki hafi því verið um sömu kaup að ræða. Þessi rökstuðningur fellur svo sem að hluta strax þegar bornir eru saman reikningur 1 og 3 þar sem nákvæmlega sömu brynjur koma fyrir á báðum reikningum.

Burt séð frá því þá langar mig til að biðja ykkur um að hafa skoðun á því hvort um sömu kaup sé að ræða. Við höfum skilið þetta þannig að óeirðalöggreglumaðurinn sé ekki fullbúinn fyrr en hann er klæddur í allan gallann. Því skipti engu frá hvaða birgja seljandinn skaffar vöruna. Til enn frekari stuðnings má vísa á að Löggregluskóli ríkisins keypti nákvæmlega sams konar [vörur] af Trademark ehf. ári síðar og þá voru þær allar á einum reikningi...

Hvað segið þið?

Ég er meira en til í að heimsækja ykkur til að spjalla um þetta og/eða skýra málin nánar út í pósti eða síma.

*Bestu kveðjur,
Pétur"*

Þótt reglugerð nr. 933/2010 hefði verið í gildi í desember 2009 þá bendir ríkislöggreglustjóri á að umræddar vörur falla í margu mismunandi vöruflokka en ekki í einn eins og Ríkisendurskoðun telur. Þannig falla brynjur, hjálmar og samfestingar í sitthvorn vöruflokkinn.

Ríkisendurskoðun fellir allar þessar vörur undir einn flokk Police Equipment. Væri skilningur Ríkisendurskoðunar ráðandi mætti fella allar vörur sem löggreglan kaupir undir einn flokk.

Undanþáguákvæði í lögum um opinber innkaup

Þótt reglugerð nr. 933/2010 hefði verið í gildi í desember 2009 og að túlkun Ríkisendurskoðunar um ein kaup en ekki þrenn væri rétt, bendir ríkislöggreglustjóri á að í 9. gr. og 33. gr. laga um opinber

innkaup nr. 84/2007 eru sérstök undanþáguákvæði frá meginreglum laganna um útboðsskyldu og verðkönnun.

Í 9. gr. segir um *leynilega samninga og samninga sem krefjast sérstakra öryggisráðstafana*:

Lögin taka ekki til samninga sem lýstir eru leynilegir eða ef sérstökum öryggisráðstöfunum verður að beita við framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög og stjórnvaldsfyrirmæli eða ef grundvallarhagsmunir ríkisins krefjast þess.

Í 1. mgr. 33. gr. um samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar segir:

Samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar eru heimil í eftirfarandi tilvikum án tillits til þess hvort um er að ræða innkaup á verki, vörum eða þjónustu:

b. liður:

Þegar aðeins eitt fyrirtæki kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt er að ræða.

c. liður:

Þegar innkaup eru algerlega nauðsynleg vegna aðkallandi neyðarástands sem stafar af ófyrirsjáanlegum atburðum og ekki er unnt að standa við fresti í almennu útboði, lokuðu útboði eða samningskaupum skv. 32. gr. Þær aðstæður sem vísað er til sem aðkallandi neyðarástands mega ekki undir neinum kringumstæðum vera á ábyrgð kaupanda.

Ríkislöggreglustjóri telur ljóst að ákvæði c. liðar 1. mgr. 33. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup, sem hér að framan er vísað til, eigi við um innkaup embættisins af fyrirtækinu Trademark ehf. í desember 2009 og séu því fyllilega lögmaet.

Aðkallandi neyðarástand

Frá því að íslenska fjármálakerfið hrundi haustið 2008 hefur greiningardeild ríkislöggreglustjórans reglulega sent frá sér skýrslur þar sem leitast hefur verið við að leggja mat á ástand mála innanlands; hættu á upphötum, mögulega ógn við öryggi ráðamanna þjóðarinnar o.fl. Þá hefur deildin einnig unnið skýrslur þar sem þess er freistað að leggja mat á þróun mála með tilliti til afbrota og skipulagðrar glæpastarfsemi.

Þann 3. október 2008 sendi greiningardeild ríkislöggreglustjóra frá sér hættumat í ljósi erfiðleika í efnahags- og fjármálum. Fram kom að algjör óvissa ríkti í þjóðfélaginu, víða ríkti mikil reiði í garð þeirra fjármálamanna sem stóðu fyrir útrásinni og gegn fjármálastofnunum og stjórnvöldum.

Þann 5. október 2008 hélt ríkislöggreglustjóri samráðsfund með lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þar sem farið var yfir upplýsingar frá ríkisstjórn um að alvarlegar fréttir yrðu kynntar þjóðinni daginn eftir. Fundurinn var liður í undirbúningi viðbúnaðar lögreglunnar.

Þann 6. október 2008 sendi greiningardeild frá sér nýtt hættumat um ástandið og vaxandi reiði í samfélagini og þær hættur sem væru að skapast. Sama dag gaf ríkislöggreglustjóri út

viðbúnaðarskipulag löggreglu vegna alvarlegs þjóðfélagsástands og skipulag ríkislöggreglustjóra um lög- og öryggisgæslu. Umrædd skipulög eru enn í gildi.

Þann 9. október 2008 var birt nýtt hættumat greiningardeildar þar sem varað var við aukinni hættu á að alvarlegt ástand skapaðist innanlands svo sem gegn stjórnarstofnunum o.fl. Hættu á hópamyndun og uppbótum.

Þann 10. október 2008 var haldinn samráðsfundur löggreglunnar þar sem farið var yfir þær ráðstafanir sem búa þyrfti löggregluna undir að takast á við.

Þann 7. nóvember 2008 varar greiningardeild við að reiði almennings taki að setja mark sitt á mótmæli sem muni fara vaxandi með aukinni þáttöku og hættu frá fámennum hópum sem nýti sér slíkt ástand til alvarlegri verknaða. Áréttáð er að ástandið geti breyst mjög skyndilega til hins verra og þurfi ekki nema einstaka atburði til þess að valda slíku.

Þann 18. desember 2008 varar greiningardeild við því ástandi sem muni skapast á fyrstu mánuðum ársins 2009 og nauðsyn ráðstafana vegna öryggismála ráðuneyta og helstu valdastofnana landsins.

Þann 23. og 26. janúar 2009 varar greiningardeild við áframhaldandi ofbeldisfullum mótmælum og ógn gegn stjórnvöldum sem ekki muni sjá fyrir enda á þótt stjórnarslit verði. Þá er vikið að jákvæðri afstöðubreytingu sem orðið hafi í garð löggreglu eftir grófar árásir. Að mati greiningardeildar hefði það lítil áhrif á marga smærri hópa sem kærí sig kollótta um hvort aðgerðir njóti stuðnings almennings eða ekki.

Þann 26. janúar 2009 var á samráðsfundi löggreglu farið yfir undanfarna atburði, m.a. óeirðir við Alþingi, forsætisráðuneytið og Seðlabanka Íslands og metin þörf á auknum búnaði. Sjö löggreglumenn höfðu slasast, þar af einn alvarlega.

Þann 2. febrúar 2009, á samráðsfundi löggreglu, var rætt um framtíðarþróun mála. Var talið fyrirséð að áframhald yrði á mótmælum með margvislegum aðgerðum. Farið var yfir búnaðarþörf löggreglu til næstu framtíðar, m.a. til að tryggja mætti öryggi löggreglumanna. Ákveðið var að senda tillögur til Rögnu Árnadóttur þáverandi dómsmálaráðherra um búnaðarkaup og fjölgun í mannfjöldastjórnunarliði.

Þann 16. febrúar 2009 var haldinn samráðsfundur löggreglu þar sem farið var yfir óspektir fámenns hóps aðgerðarsinna. Ljóst væri að atvinnuleysi myndi aukast og ef litið væri lengra fram í tímann stefndi í að ástandið yrði áfram viðkvæmt og lítið þyrfti til að það versnaði á ný.

Þann 2. mars 2009 sendi ríkislöggreglustjóri dómsmálaráðherra tillögur um búnaðarkaup o.fl. að fjárhæð 52,1 m.kr. í framhaldi af samráðsfundi löggreglu sem haldinn var sama dag. Áfram voru haldnir samráðsfundir, m.a. 16. mars, 20. apríl og 4. maí. Á fundunum var farið yfir stöðuna hverju sinni og mat manna að staðan varðandi uppbót og mótmæli væri viðvarandi og ástandið gæti hvenær sem er breyst til hins verra. Farið var yfir aðgerðir löggreglu vegna hústökufólks, komur Hells Angels manna til landsins og um skemmdarverk sem voru unnin. Ekki höfðu enn fengist svör þann 4. maí frá dómsmálaráðuneytinu um aukafjárveitingu til búnaðarkaupa.

Þann 10. júní 2009 barst loks svar frá ráðuneytinu um kaup á búnaði fyrir löggreglu. Svar ráðuneytisins var á þá leið að ekki væru til fjárhheimildir en ráðherra myndi gera tillögu um aukafjárveitingu til

búnaðarkaupa. Það var afstaða löggreglu að ekki væri ráðlegt að hefja innkaupferli án þess að fyrir lægi fjárveiting til innkaupa.

Þann 12. júní 2009 gaf greiningardeild út nýtt hættumat þar sem taldar voru líkur á mótmælum við umræður og afgreiðslu Alþingis á samkomulagi og ráðstöfunum vegna svonefndra Icesavereikninga. Lögreglan kunni því að standa frammi fyrir krefjandi verkefnum á næstu vikum og mánuðum vegna þjóðfélagsástandsins.

Þann 23. júní 2009 gaf greiningardeild út nýtt hættumat þar sem áréttar var að spenna kynni að aukist á ný í þjóðféluginu og að mótmæli kynnu að magnast á næstu vikum og mánuðum.

Þann 30. september 2009 gaf greiningardeild út nýtt hættumat þar sem varað var við margvíslegri ógn. Sem fyrr var niðurstaða greiningardeilda sú að spenna myndi aukast í þjóðféluginu á næstu vikum og mánuðum. Óvænt rás atburða og nýjar upplýsingar tengdar hruni íslenska fjármálakerfisins gætu á skammri stundu raska þeim viðkvæma stöðuleika sem ríkti. Boðað hafði verið að á næstu vikum yrði gerð opinber skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um hrun íslenska fjármálakerfisins. Að hálfu nefndarinnar hafði verið upplýst að skýrslan myndi innihalda upplýsingar sem yrðu þjóðinni erfiðar.

Þann 7. október 2009 varaði greiningardeild við að margir óttuðust að missa húsnaði sitt á næstu vikum og mánuðum. Það kynni að kalla fram öfgafull viðbrögð. Umræðan í þjóðféluginu gæfi til kynna að greiðsluvilji almennings færí minnkandi. Því ástandi kynnu að fylgja hópamyndanir og mótmæli. Örvæting innan vissra þjóðfélagshópa færí vaxandi og margvíslegir þættir gætu snögglega aukið ólgu í þjóðféluginu.

Við framlagningu fjárlagafrumvarps og frumvarps til fjáraukalaga um haustið 2009 var ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til búnaðarkaupa.

Dómsmálaráðherra samþykkti að ríkislöggreglustjóri og löggreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ráðstöfuðu fjármunum úr rekstri embættanna til búnaðarkaupa vegna hættuástands í þjóðféluginu.

Gengið var frá pöntun á búnaði af Trademark ehf. þann 30. október 2009. Forgangsraðað var og þegar í stað pantað það mikilvægasta. Ógerlegt var að bjóða kaupin út vegna þess ástands sem ríkjandi var í þjóðféluginu, enda heimilt að gera það samkvæmt lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup, eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Þann 4. desember 2009 taldi greiningardeild að efla bæri öryggisgæslu í Alþingishúsinu vegna áframhaldandi ógnar.

Reynslan af hættumati greiningardeilda er sú að spár hennar hafi gengið eftir. Ákvarðanir löggreglu um ráðstafanir sem gripið hefur verið til, þar með talið kaup á búnaði, hafa tekið mið af þeim.

Greiningardeild telur enn vera ríkjandi alvarlegt þjóðfélagsástand og lítið þurfi að gerast til þess að uppúr sjóði. Lögreglan starfar enn samkvæmt viðbúnaðarskipulagi löggreglu vegna alvarlegs þjóðfélagsástands og skipulagi um lög- og öryggisgæslu sem ríkislöggreglustjóri gaf út 6. október 2008. Atburðir við setningu Alþingis þann 1. október 2011 staðfesta að mat lögreglunnar á þjóðfélagsástandinu stenst fyllilega.

Lokaorð

Eins og greinir hér að fram í umfjöllun um b. og c. lið 1. mgr. 33. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 er það niðurstaða ríkislögreglustjóra að löglega hafi verið staðið að innkaupum embættisins.

Reykjavík, 4. október 2011

The image shows four handwritten signatures in blue ink:

- Haraldur Johannessen**: A large, flowing signature starting with a stylized 'H'.
- Jón F. Bjartmarz**: A signature ending with 'Jón Bjartmarz'.
- Jónas I. Pétursson**: A signature consisting of stylized initials 'J.I.P.' followed by a surname.
- Guðmundur Guðjónsson**: A signature ending with 'Guðjónsson'.